

Ljósleiðari Borgarfjörður eystri, Múlaþing

Úttektarskýrsla minjavarðar

Þuríður Elísa Harðardóttir
2023



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland



Höfundur
Þuríður Elísa Harðardóttir

Ljósmyndir
Þuríður Elísa Harðardóttir

Ljósmynd á forsíðu
Horft til austurs yfir hluta svæðisins

© 2023
Minjastofnun Íslands

Öll réttindi áskilin

Minjastofnun Ísland
Suðurgata 39
101 Reykjavík
Iceland
(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Efnisyfirlit

1.	Aðdragandi vettvangsferðar.....	4
2.	Niðurstöður	4
3.	Heimildaskrá	5

Grunnupplýsingar

Verkefnanúmer Minjastofnunar Íslands:

3111

Tilgangur úttektar:

Strenglagning

Staðsetning:

Í landi Bakkagerðis, Bakka og Hofsstrandar

Dagsetning vettvangsferðar:

5. október 2023

1. Aðdragandi vettvangsferðar

Minjastofnun Íslands barst ofangreint svæði til umsagnar. Þar sem ekki liggur fyrir skráning fornleifa, húsa og mannvirkja innan svæðisins kynnti minjavörður sér fyrirbyggjandi svæði til að leggja mat á það hvort kalla þyrfti eftir frekari gögnum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda eða afgreiða aðal- eða deili-skipulag án undanfarandi skráningar fornleifa, húsa og mannvirkja sbr. 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Fyrirhugað er að leggja streng úr strengskáp yfir svonefndan Sjómannakíl, yfir Fjarðarárbrúna og þaðan vestur yfir Dýjablá og yfir flugvöllinn að Hólalandsvegi. Strengleiðin liggur í gegnum nokkuð blautt land sem einkennist af lækjarfarvegum og kílum, framræstum túnum og mýrum. Svæðið hefur tekið töluverðum breytingum á síðustu árum vegna framræsingar, vegagerðar og annarrar uppbyggingar. Slóða eru að finna víða. Kannað var 15m svæði frá strenglöggninni til beggja handa, samtals um 30m breitt belti.



Mynd 1 – Úttektarsvæðið.

2. Niðurstöður

Engar þekktar menningarminjar eru innan svæðisins né benda heimildir til þess að minja sé að vænta innan þess. Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonnnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

3. Heimildaskrá

Ármann Halldórsson. (1975). *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* (II. bindi). Búnaðar-samband Austurlands.

Kristborg Þórsdóttir. (2018). *Fornleifaskráning á Borgarfirði eystri: Deili-skráning á hafnarsvæði og skráning vegna ljósleiðara* (nr. FS709:18211). Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Landmælingar Íslands. *Loftmyndasafn*.
<https://www.lmi.is/is/vefsjar/korta-og-loftmyndasofn/loftmyndasafn>

Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. (1999). *Menningarminjar í Borgar-firði eystri. Svæðisskráning*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Skipulagsvefsjá Múlaþings.
<https://www.map.is/mulathing>

Túnakort Bakkagerðis. (1917). Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands.

Örnefnaskrá Bakka og Bakkagerði. Skráð af Sigurði Benediktssyni.
Örnefnasstofnun Íslands.

Örnefnaskrá Hofströnd. Skráð af Sigurði Benediktssyni. Örnefnasstofnun Íslands.